



Slökkvilið Akureyrar



Ársskýrsla 2009

Þorbjörn Haraldsson
Slökkviliðsstjóri



Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
Skipurit SA	4
2 Verkefni liðsheildar	5
2.1 Janúar	5
2.2 Febrúar	5
2.3 Mars	6
2.4 Apríl	6
2.5 Maí	7
2.6 Júní	7
2.7 Júlí	8
2.8 Ágúst	8
2.9 September	9
2.10 Október	10
2.11 Nóvember	11
2.12 Desember	12
3 Útköll varðliðs	13
3.1 Slökkvilið	13
3.2 Sjúkraflutningar	15
3.3 Sjúkraflug	17
4 Heildarútköll	20
5 Eldvarnareftirlit	20
5.1 Skoðanir / úttektir	20
5.2 Fræðsla / Forvarnir	20
6 Starfsstöðvar	22
6.1 Flugvöllur	22
6.1.1 Útköll	22
6.1.2 Brautarskoðanir og fuglavernd	23
6.1.3 Æfingar	24
6.1.4 Flugvallarfræðsla	24
6.2 Hrísey	25
6.3 Grímsey	25
7 Lokaorð	26



1 Inngangur

Upphaf hvers árs hjá liðinu einkennist af námskeiðum og endurmenntun liðsins. Liðið í heild sinni fór í gegnum ILS (Immediate Life Support) námskeið hjá Sjúkraflutningaskólanum og seinni hluti náms atvinnuslökkviliðsmanna hófst í febrúar. Kennt var í fjarkennslu og sátu sex liðsmenn námskeiðið. Þessir sex aðilar þurftu að sækja suður til Keflavíkur fyrri hlutann með tilheyrandi kostnaði og fjarveru. Þetta fjarkennslufyrirkomulag er í alla staði mun betra þar sem það dregur úr kostnaði og minnkar fjarveru manna frá fjölskyldum sínum.

Öflugur flutningsgámur undir búnað sem tengist mengunaróhöppum kom til liðsins í mars. Með komu hans þá varð mögulegt að koma fyrir öllum þeim búnaði sem tengist þessum málaflokki. Gámaþjónusta Norðurlands mun flytja gáminn fyrir liðið hvort sem um er að ræða æfingar eða útköll.

Nokkrir alvarlegir brunar komu upp á árinu, og þurfti liðið meðal annars að fara tvívegis á einum sólarhring til aðstoðar við slökkvilið Grýtubakkahrepps. Mikil hætta skapaðist þegar gassprenging varð í húsi við Hrafnabjörg, en reykkafarar liðsins fundu á þriðja tug gaskúta inn í brennandi húsinu.

Gengið var frá samningi um sjúkraflug við sjúkratryggingar Íslands en slökkvilið Akureyrar hefur séð um og sinnt sjúkraflugi undanfarin 12 ár. Fjöldi sjúkrafluga hefur aukist ár frá ári þar til nú. Á þessum 12 árum hefur liðið farið í yfir 3500 sjúkraflug.

Miklar verðhækkanir í aðföngum og þjónustukaupum og lækkun tekna til handa liðinu hafa haft áhrif á starfsemina. Árið hefur farið í að leita leiða til að halda kostnaði niðri, farið yfir mönnum liðsins og verkefni þess, með það að leiðarljósi að varðveita störf liðsmanna en jafnframt hámarka nýtingu mannafla. Ákveðið var að færa verkefni sem unnin hafa verið í yfirvinnu utan vaktakerfis inn á vaktirnar. Til að mæta auknum verkefnum inn á vöktum var farið í breytingu skipulags innan liðsins. Breyting varð á stöðuheitum og færðust tveir dagvinnuymenn inn í vaktarkerfið til að styrkja dagvaktirnar.

Nú um áramótin var síðan farið að vinna eftir þessu fyrirkomulagi. Fyrstu mánuðirnir verða nýttir til að vakta virkni í breyttu fyrirkomulagi og aðlaga verkþætti til að hámarka nýtingu mannafla og vinnustunda.



Skipurit SA



Við breytt skipurit þá eflist dagvakt um einn þar sem aðalvarðstjóri gengur dagvaktir með A og B vakt og aðstoðarslökkviliðsstjóri gengur dagvaktir með C og D vakt. Sjúkraflug er framkvæmt af vakthafandi vakt og utanbæjarsjúkraflutningar einnig.

2 Verkefni liðsheildar

2.1 Janúar

Í janúar luku 34 starfsmenn SA námskeiði í sérhæfðri endurlífgun, ILS (Immediate Life Support) hjá Sjúkraflutningaskólanum. Námskeiðið var liður í árlegri endurmenntun sjúkraflutningamanna. Árið byrjaði með látum í sjúkraflugi en 50 sjúkraflug voru í janúarmánuði sem er met miðað við janúarmánuði undangengina ára.

2.2 Febrúar

Seinni hluti náms atvinnuslökkviliðsmanna hófst í febrúar og stunduðu sex liðsmenn námið næstu 6 vikurnar. Oft þegar námskeið eru þá nýttast menn þegar á reynir og var því mikill liðstyrkur til staðar þegar gassprenging og eldur kom upp í einbýlishúsi við Hrafnabjörg á Akureyri. Mikill eldur var í húsinu þegar slökkviliðið kom á vettvang en slökkvistarf tók tæpa tvo tíma. Einn maður var í húsinu þegar eldurinn kom upp og var hann fluttur á sjúkrahús vegna brunasára og reykeitrunar. Slökkviliðsmenn voru í mikilli hættu þar sem innandryra fundust á þriðja tug gaskúta.



Hrafnabjörg

2.3 Mars

Eldur kom upp í fjölbýlishúsi við Keilusíðu á Akureyri í marsmánuði. Þegar slökkviliðið kom á vettvang var mikill reykur í íbúðinni og lagði reyk út um brotinn glugga á vesturhlið hússins. Tveir reykkafarar fóru strax inn í íbúðina sem reyndist mannláus. Flestir aðrir íbúar hússins voru komnir út þegar slökkviliðið kom á staðinn.

Stólalyftan Fjarkinn í Hlíðarfjalli stöðvaðist með um 100 manns í um 3 tíma. Björgunarsveitin Súlum var kölluð út til aðstoðar. Svo vildi til að á vaktinni hjá Slökkviliðinu voru þrír fjallabjörgunarmenn úr Súlum og fóru þeir einnig á staðinn til aðstoðar. Hafist var handa við að bjarga fólki úr lyftunni en skömmu eftir að viðbótarmannskapur kom í fjallið tókst að koma lyftunni í gang og var því hægt að koma fólki úr henni á venjubundinn hátt en þá hafði um 70 manns verið bjargað niður.

Slökkvilið Akureyrar naut aðstoðar björgunarsveitarinnar Súlna á Akureyri þegar upp kom bráðatilfelli í Kjarnaskógi. Mikil ófærð var og fóru sjúkraflutningamenn gangandi síðasta spölinn. Öflugur björgunarbíll frá Súlum kom síðan á vettvang og flutti sjúkling á sjúkrahús.

2.4 Apríl

Slökkvilið Akureyrar fékk nýjan gám undir mengunar og eiturefnabúnað liðsins. Gámurinn er smíðaður í Póllandi og er sömu gerðar og sambærilegur gámur hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Gámurinn er fluttur inn af Ólafi Gíslasyni & CO, Eldvarnarmidstöðinni. Gámurinn er alveg sjálfbær eining með rafstöð, ljósamastri og hitara. Einingin þjónar vel ein og sér í verkefnum sem taka lengri tíma. Í gámnum eru vagnar undir tjöld og annan búnað sem renna má inn í hann á brautum sem eru innan við hurðir gámsins.

Þessi útkallseining mun nýtast vel til þeirra verkefna sem SA þarf að þjóna á þessum vettvangi og einnig til aðstoðar nágrannasveitarfélögum.



Gámur undir mengunar- og eiturefnabúnað

2.5 Maí

Tekið var á móti tæpum 300 börnum á slökkvistöðina í maí. Það er nokkurs konar uppskeruhátíð verkefnisins um Loga og Glóð sem hefur verið keyrt með öllum 6 ára börnum og leikskólum bæjarins í vetur.



Gleðin við völd

2.6 Júní

Í tvígang fór slökkvilið Akureyrar til aðstoðar við slökkviliðið í Grýtubakkahreppi. Ammoníakleki kom upp í togaranum Frosta sem lá við bryggju á Grenivík. Þar sem unnið var að viðhaldi. Einn maður var um borð en komst hann heilu og höldnu frá borði. Ammoníakslykt barst yfir þorpið og var mengun lágmörkuð með því að fella niður ammoníaksgufur með vatnsúða.



Efnakafarar fara um borð í frosta

Daginn eftir var tilkynnt um eld í húsi á Kljáströnd í Grýtubakkahreppi. Slökkviliðið Grýtubakkahrepps og Slökkvilið Akureyrar voru kölluð út. Sendir voru dælubílar frá báðum

liðum á vettvang auk sjúkrabíls frá Akureyri. Slökkviliðið á Grenivík sendi reykkafera inn í húsið og náði konu út en hún var þá látinn. Eldri maður sem einnig var í húsinu var sendur með sjúkrabíl á Sjúkrahúsið á Akureyri með reykeitrún og brunasár á höndum og andliti. Slökkvistarf tók um eina klukkustund.

2.7 Júlí

Um miðjan dag þann 20 júlí var liðið kallað að Aðalstræti 13. Þar logaði mikill eldur í íbúð í norðurenda hússins sem er fjögurra íbúða hús. Íbúar í syðri hluta hússins forðuðu sér út þegar þeir urðu eldsins varir, en það var árvökull íbúi í götunni sem gekk á brunalyktina og kallaði til slökkviliðið. Talsverður eldur var á milli þilja enda yfir 100 ára gamalt hús þar sem einangrað var með reiðing.

Miklar skemmdir urðu í norðurenda hússins og sú íbúð sem eldurinn kom upp í gjörónýt. Aðrar íbúðir skemmdust aðallega af sóti og reyk.



Aðalstræti 13

2.8 Ágúst

Útköll um verslunarmannahelgina voru í minna lagi miðað við undangengnar verslunarmannahelgar. Sjúkraflutningamenn liðsins ásamt fyrstu hjálpar liðum frá Rauða krossinum voru í miðbænum yfir næturtímann. Þessi hópur nýttist til allra minni háttar aðstoðar til að mynda ef um minni háttar sár og skurði var að ræða og leysti þau verkefni. Þessi aðferð var reynd í fyrsta skipti um síðustu verslunarmannahelgi (2008) og mæltist vel fyrir. Með þessu móti var mögulegt að draga úr álagi á slysadeild og á vakthafandi vakt hjá slökkviliðinu.

2.9 September

Laugardaginn 8. september tók Slökkvilið Akureyrar þátt í stórri æfingu með Sjúkrahúsinu á Akureyri, Súlum, björgunarsveitinni á Akureyri og SNAM sem stendur fyrir The Swedish National Air Medevac en þeir komu til Akureyrar með sérútbúna Boeing 737 sjúkraflugvél sem getur tekið fjölda sjúklinga, þar af 6 gjörgæslusjúklinga.



Sjúkraflugvélin

Æft var viðbragð við stóru rútuslysi þar sem 12 manns áttu að hafa slasast alvarlega og snerist æfingin um að greina þessa 12 á FSA og flytja þá síðan um borð í flugvél SNAM sem flutti þá til Stokkhólms. Þeir sem léku sjúklingana komu frá Svíþjóð. Þeir voru sminkaðir og settir í hlutverk sín í kennslustofu Sjúkraflutningaskólans á FSA en síðan fluttir þaðan á Slysadeild þar sem þeir voru greindir og ýmist sendir á gjörgæslu eða undirbúnir fyrir frekari flutning.

Hlutverk Slökkviliðs Akureyrar og Súlna var annars vegar að flytja börur, búnað, sænsku læknana og hjúkrunarfræðingana frá flugvelli á FSA og síðan að flytja sjúklingana frá FSA á flugvöll. Það gekk vel enda voru notaðir til þess fjórir sjúkrabílar og fjórir björgunarsveitarbílar, en þess má geta að börur fyrir gjörgæslusjúklinga vega um 80 kíló án sjúklings en hverjar börur eru í raun lítil gjörgæsludeild fyrir einn sjúkling með öllum hugsanlegum búnaði.



Gjörgæslusjúklingi komið fyrir

Æfingin gekk vel og voru forsvarsmenn Svíanna hæstánægðir með frammistöðu heimamanna.

Mannbjörg varð þegar eldur kom upp í húsi við Barmahlíð í lok mánaðarins. Þegar slökkviliðið kom á staðinn logaði eldur upp úr þaki hússins sem er gamalt timburhús. Reykkafarar fóru strax inn í húsið og fundu mann í svefnherbergi og björguðu honum út. Hann var með einhverja meðvitund en var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild FSA með reykeitrun. Eftir að reykkafarar höfðu leitað af sér allan grun um að ekki væru fleiri í húsinu var farið í að ráða niðurlögum eldsins sem var mestur í þaki hússins. Þurfti að rífa þakið talsvert til að komast fyrir allan eld.

2.10 Október

Eldvarnir í leikskólum, Logi og Glóð.

Farið var í alla leikskóla á stór Eyjafjarðarsvæðinu að Dalvík meðtöldu með fræðsluna “Logi og Glóð”. Þessar heimsóknir eru hluti af samstarfi milli leikskólanna, Slökkviliðs Akureyrar og Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Þar sem að elstu börnin í leikskólunum gerast sérstakir aðstoðamenn slökkviliðsins og athuga hvort að brunavarnir í leikskólunum séu í lagi.

Heimsótt voru í kringum 320 börn. Hver heimsókn tók um klukkustund. Alls staðar var mjög vel tekið á móti okkur og sýndu börnin þessu verkefni mikinn áhuga. Farið var yfir verkefnið með börnunum í heild sinni. Einnig var þeim kennt hvert þau eigi að leita eftir aðstoð ef eitthvað kemur upp á þ.e. að hringja í 112 og hvernig þau eigi að bregðast við ef eldur kemur upp. Börnin fengu að sjá hvernig slökkviliðsmaður lítur út þegar að hann er klæddur í fullan skrúða, þ.e. í slökkvigalla og með reykköfunartæki á sér. Eftir að hafa rætt við börnin inni þá var haldið út og slökkviliðsbifreið skoðuð.

Öll börnin fengu afhentar möppur með verkefnum og hvert og eitt fékk viðurkenningarskjal um þátttöku sína í þessu verkefni.

Þann 3. nóvember s.l var haldin æfing með hjálparliði slökkviliðs Akureyrar (SA) í Eyjafirði. En SA og björgunarsveitin Dalbjörg gerðu með sér samning um mönnun hjálparliðs í desember á síðasta ári.

Farið var yfir búnað liðsins og síðan var bóklegur fyrirlestur um þrýstingstap. Vatnsöflun og ytri bjögunaraðstoð er megintilgangur hjálparliðsins. Því var farið yfir kort og myndir af bújörðum innstu bæja í firðinum. Skoðað var hvar næstu vatnsból eru á hverjum stað og mögulegt vatnsmagn.

Eftir hádegi var farið að bænum Hríshól og tekin æfing með dæluna sem hjálparliðið er með í kerru þar fremra. Einnig var skoðaður búnaður í dælubíl SA (61-132) enda miðað við að vatnsöflun hjálparliðs fæði slökkvibíla á eldstað.

2.11 Nóvember

Slökkvilið Akureyrar var kallað út vegna elds í rannsóknarskipinu Poseidon sem lá við Slippkantinn á Akureyri.

Þegar Slökkviliðið kom á staðinn logaði eldur út um göt á millidekki aftarlega á skipinu. Reykkafarar voru strax sendir niður og náðu þeir fljótlega að slökkva eldinn sem var einangraður í rými bakborðsmegin. Eftir að eldurinn var slökktur var skipið reykræst.

Nokkrar skemmdir urðu í rýminu þar sem eldurinn var og mikil mildi að hann breiddist ekki út. Snör viðbrögð starfsmanna Slippsins og áhafnar skipsins skiptu þar sköpum en þeir lokuðu rýminu þegar þeir sáu að þeir réðu ekki við eldinn.



Poseidon

2.12 Desember

Í síðustu viku lauk heimsóknum í alla grunnskóla á Akureyri ásamt Þelamerkurskóla, Hrafnagilsskóla, Grunnskólann í Hrísey og Valsársskóla þar sem að öll átta ára börn voru frædd um helstu atriði eldvarna. Þessar heimsóknir voru liður í Eldvarnarátaki 2009 sem að Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) stóð fyrir.

Tveir starfsmenn slökkviliðsins sáu um þessa fræðslu með þeim í för voru slökkviálfarnir Logi og Glóð. LSS hefur gefið út myndskreytta bók um þau systkinin og baráttu þeirra við Brennu-Varg og fá öll átta ára börn í landinu hana að gjöf. Þeim gefst einnig kostur á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni þar sem vegleg verðlaun geta verið í boði fyrir þá sem skila réttri lausn. Höfundar bókarinnar um Loga, Glóð og Bennu-Varg eru Garðar H. Guðjónsson, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir og Þrúður Óskarsdóttir.

Upp kom afar annasöm helgi hjá liðinu í desember en 15 sinnum var liðið kallað út til starfa.

13 sinnum voru sjúkrabílar kallaðir til þar af í 7 sinnum í almenna flutninga en inn á milli komu upp 6 neyðarflutningar. F-1 sjúkraflug kom upp á laugardagsmorgun og var sá aðili fluttur til Reykjavíkur. Dælubíll liðsins var kallaður út 01:33 aðfaranótt sunnudags vegna mikils vatnsleka í sumarbústaði, á meðan því var sinnt komu upp tveir neyðarflutningar. Slökkvilið Akureyrar var kallað út vegna umferðarslyss í Fnjóskadal um kl: 17:14 í gær (sunnudag). Dælubíll með björgunarklippur ásamt þremur sjúkrabílum voru sendir á staðinn. Þaðan voru fjórir fluttir á slysadeild FSA.




Sjúkraflutningamenn SA sýna nemendum Giljaskóla búnað.


3 Útköll varðliðs

3.1 Slökkvilið


Slökkvilið Akureyrar var boðað út 158 sinnum á dælubílum liðsins á síðasta ári. Og er það fjölgun á milli 2008 og 2009 um 34 útköll eða 27% aukning.




Hér að ofan er skipting í helstu verkefni dælubíla liðsins. Eldútköll ásamt útköllum í vatnsleka eru um 33% útkalla liðsins. Slökkvilið Akureyrar er með slökkvi og björgunarþjónustu á Akureyrarflugvelli og telja verkefni því tengdu um 9,5% af heildar útköllum á dælubíla. 24% útkalla flokkast undir annað er það er hin ýmsu verkefni sem liðið er boðað í.



Útköll skiptast niður í mismunandi forgangsstig þ.e. F-1 til F-4 þar sem F-1 er hæsti forgangur og svo koll af kalli. Um 37% tilfella er forgangur 1 og 2 en þar er farið í útköll á forgangsljósum.




Flest eru verkefni dælubíla á sumarmánuðum enda á þeim tíma talsvert um uppfærslur á viðbragði á Akureyrarflugvelli í tengslum við millilandaflug. Fjöldi útkalla í janúar og desember er svipaður og 2008, en í heild er fjölgun í verkefnum dælubíla á milli ára.




Útköll og verkefni dælubíla liðsins dreifast líkt grafið að ofan sýnir. Flest útköll / verkefni eru á bilinu 12-15 eða 33%. Megin þorri útkalla á dælubíla liðsins er á bilinu 09:00 - 21:00 eða 76,5%.

3.2 Sjúkraflutningar


Slökkvilið Akureyrar var kallað út á sjúkrabílum í 1522 skipti. Sjúklingar voru fluttir í 1345 skipti. Í 177 tilfellum var um aðstoð eða afturköllun að ræða. Um 8% fækkun er í útköllum sjúkrabíla á milli ára.



Aukning varð í útköllum sjúkrabíla í janúar, Júní og desember 2009, en fækkun í öðrum mánuðum ársins miðað við 2008.



78% útkalla sjúkrab. er á bilinu 06.00 til 21:00, þar af eru 71 % á dagvaktinni 07:30 til 19:30



Um 26.7% útkalla eru forgangsútköll F-1 og F2 sem krefjast forgangsaksturs. Þar er um að ræða alvarleg slys eða veikindi. Forgangsútköllum F-1 og F-2 hefur fækkað á milli ára um rúm 3%


Megin þorri útkalla (73,3%) er F-3 og F-4 Þar sem um er að ræða væg sjúkdómstilfelli, vægari slys og eða almennan flutning. Hlutfall þessa útkalla er vaxandi hluti heildarútkalla sjúkrabíla á milli ára.




Á vettvangi


3.3 Sjúkraflug

Slökkvilið Akureyrar fór í 395 sjúkraflug á árinu 2009. Fluttir voru 414 sjúklingar í þessum flugum. Um 20% fækkun varð í fjölda sjúkrafluga á milli 2008 og 2009.



Þegar borin eru saman árin 2008 og 2009 þá er fækkun í öllum mánuðum að frátöldum janúarmánuði. Í janúar voru 50 sjúkraflug sem er met í samanburði við janúarmánuði undangenginna ára.





F-1 og F-2 forgangsflug eru 52% þeirra sjúkrafluga sem farin voru árið 2009. Þetta er 8% hlutfalls aukning milli forgangsflokka. Sú fækkun sem orðið hefur í sjúkraflugi er hvað mest í F-4 sjúkraflugi 44%, en heildarfækkun útkalla í sjúkraflugi varð 102 flug.


Skilgreining á forgangi í sjúkraflugi

F-1 Útkallstími eins stuttur og hægt er, útkall tekið fram fyrir önnur útköll.


F-2 Útkallstími innan við 35 mínútur

F-3 Útkallstími 35 mínútur til 6 klst. Framkvæmt strax ef annað flug er ekki í gangi.

F-4 Eftir samkomulagi.



87 % sjúkrafluga er á bilinu 06:00 til 21:00 þar af eru 80% á dagvaktinni frá 07:30 til 19:30.




Slökkvilið Akureyrar hefur séð um sjúkraflug í 12 ár. Mikil fjölgun hefur orðið í sjúkraflugi ár frá ári þar til nú, en fækkun hefur orðið um 102 sjúkraflug eða rétt rúm 20%.



4 Heildarútköll

Slökkvilið Akureyrar var kallað út 2072 sinnum á árinu 2009 en það er fækkun um 8,5% í heildarútköllum frá fyrra ári



Á meðan um 20% aukning varð í verkefnum dælubíla liðsins, þá fækkaði sjúkraflutningum bæði með sjúkrabílum og sjúkraflugi.

5 Eldvarnareftirlit

5.1 Skoðanir / úttektir.

Sendar voru út 105 skýrslur vegna skoðana á árinu. Í gagnagrunni eru 297 hús skráð en 40 nýskráningar komu inn á árinu. Farið var í alla leik- og grunnskóla og þeir skoðaðir. Megin þorri gistihúsa á þjónustusvæðinu var skoðaður á árinu og verður farið í restina á árinu 2010.

Umsagnir vegna dagforeldra voru 10 og loka eða stöðuúttektir með byggingarfulltrúa 15 talsins. Umsagnir vegna veitinga-, gistileyfa eða aðrar umsagnir til sýslumanns voru 25.

Fyrir jól voru yfir 70 verslanir / fyrirtæki heimsótt og farið yfir neyðarútganga og slökkvibúnað.

5.2 Fræðsla / Forvarnir

Forvarnarverkefni eldvarnareftirlits eru fimm sem keyrð voru á árinu 2009. Fjögur þessara verkefna eru orðin föst í sessi, og síðan var prufukeyrt efni á vordögum sem tengist hjálmanotkun barna.

Leikskólaverkefnið "Logi og Glóð" er verkefni sem er fyrir elstu börn leikskólanna. Verkefnið er unnið í samvinnu við EBÍ (Eignarhaldsfélagið Brúnabótafélag Íslands) og markmið þess að veita börnum fyrstu fræðslu um eldvarnir og stuðla að bættum eldvörnum á leikskólum og á heimilum barnanna. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á vef EBÍ www.brunabot.is.



Það alltaf gaman að sprauta vatni

Eldvarnarátak fyrir 3. bekk grunnskólanna er árlegt forvarnarverkefni sem unnið er í samvinnu við Landssamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna.

Ekkert fikt er forvarnarverkefni sem farið var í tengslum við eldri bekkinga. Farið er yfir þær hættu sem felast í fikti við flugelda og sýnt heimildarmyndband sem slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur látið útbúa. Þessi fræðsla fer fram í desember.

Síðan var farið af stað með verkefni sem fengið hefur heitið "Höfuðatriði". En þar er farið yfir mikilvægi hjálmanotkunar barna á hvers kyns hjólabúnaði. Farið var í 2 grunnskóla á Akureyri og rætt við 5-9 bekk um mikilvægi notkunar hjálma. Miðað er við að setja þessa fræðslu fram í kringum sumardaginn fyrsta og er verkefnið samstarfsverkefni SA og lögreglunnar á Akureyri.

Fullorðins fræðsla hefur síðan verið jafnt og þétt í gegnum árið þar sem fyrirtæki koma í eldvarnareftirlitsfræðslu og þjálfun með sitt starfsfólk. Farið hefur verið í fræðslu inn á stofnanir þar sem þess hefur verið óskað.

Slökkvilið Akureyrar leggur mikla áherslu á að forvarnarfræðsla er afar mikilvæg. Leitast er við að rýna þau tilfelli sem komið hafa upp. Þau skoðuð og metið hvernig draga megi úr áhrifum slíkra atburða eða koma í veg fyrir þá.

6 Starfsstöðvar

6.1 Flugvöllur

Störf slökkviliðsmanna á Akureyrarflugvelli eru fjölbætt. Meginhlutverk þeirra er að sinna viðbragði gagnvart slysum og óhöppum við flugtök og landingar. Í raun má þó segja að þeir sinni öllu viðbragði gagnvart hverskonar slysum og óhöppum á flugvallarsvæðinu og í næsta nágrenni þess. Þar má telja, auk flugtilvika, mengunarslys, vatnsdæling auk hvers konar neyðaraðstoðar, t.d. vegna veikinda eða slysa. Að öllu jöfnu er sjúkrabíll staðsettur á flugvelli þegar tveir menn eru á vakt og nýttist bíllinn og búnaður hans sem viðbragð gagnvart slysum á svæðinu. Auk viðbragðs, þá sinna slökkviliðsmenn á flugvelli fjölbreyttum verkefnum í formi viðhalds og eftirlits. Auk daglegrar yfirferðar á tækjum og búnaði er ítarlega farið yfir allan búnað og virkni hans prófuð. Slökkviliðið sinnir einnig fjölbættu eftirliti á flugvellingum sjálfum þar sem m.a. er fylgst með öryggismálum og einnig því sem lýtur að flugvernd. Fylgst er með ástandi brauta og öryggisvæða, fugl er fæddur frá svæðinu, fylgst er með ástandi brautarljósa og girðinga og því hvort hlið séu örugglega lokuð. Slökkviliðsmenn stjórna umferð inn og út af flugvallarsvæði


Yfir vetrartímam senda slökkviliðsmenn skýrslur (snowtam) um ástand brauta til turns, þar sem m.a. eru mæld bremsuskilyrði á sérútbúnum bremsumælingabíl. Slökkviliðsmenn ræsa út starfsmenn Flugstoða til að hreinsa brautir fyrir flug á morgnana þegar þess þarf og á nóttunni ef þess er þörf t.d. vegna sjúkraflugs. Slökkviliðsmenn annast veðurgjöf fyrir flugvöllinn á klst. fresti á tímanum frá kl. 23-07 og öðrum tímum þegar turn óskar þess. Slökkviliðsmenn annast einnig lokun flugstöðvar eftir að flugi lýkur á kvöldin.

6.1.1 Útköll


Leitað var eftir aðstoð slökkviliðsins á Akureyrarflugvelli í 26 skipti.

12 útköll voru innan vallar á árinu, um var að ræða útköll vegna olíuleka, upphreinsun olíu, bilun í hjólabúnaði flugvélar, fólk inn á flugvallarsvæðinu, árekstur flugvélar við flugskýli, fugl sem fór í flugvél, flugvél vöktuð meðan á gangsetningu stóð, eldboð frá flugstöð og öryggiskerfið fór í gang.

14 tilfelli voru þar sem slökkviliðsmenn af flugvelli eru kallaðir útkalla utan flugvallarins, um var að ræða útköll vegna elds, bílslyss, eldboða, vatnsleka og olíuleka.




Flest útköll voru í janúar utan flugvallar en flest útköll innan vallar eru í maí eins og sést hér að ofan. Heldur fækkar heildarútköllum frá slökkvistöðinni á Akureyrarflugvelli á milli ára.



Myndin hér að ofan sýnir dreifingu útkalla miðað við tíma sólarhrings. Af 14 útköllum þar sem slökkviliðsmenn af flugvelli eru kallaðir út vegna útkalla utan flugvallarins voru 10 útköll meðan flugvöllur var opinn en 4 eftir lokun eða áætlunarflug var búið.

6.1.2 Brautarskoðanir og fuglavernd

Farnar eru brautarskoðanir fyrir hverja landingu áætlunar- og þotuflugs að beiðni flugturns. Í brautarskoðunum eru starfsmenn að athuga um ástand brautar, hvort aðskotahlutir séu nokkuð á braut, fuglar fældir burt af flugvallarsvæðinu og á vetrum er athugað með bremsuskilyrði. Ef verið er að vinna við flugbraut þá fylgja starfsmenn Slökkviliðs Akureyrar vinnuflokknum út á braut og aftur til baka.



Á árinu voru farnar 2346 brautarskoðanir. Fjöldi þeirra var nokkuð jafn á milli mánaða, flestar í maí og ágúst en færstar voru þær í nóvember og desember. Myndin hér að ofan sýnir fjölda skoðana á milli mánaða.

6.1.3 Æfingar

Haldnar voru æfingar á nóvember fyrir allar vaktir Slökkviliðs Akureyrar (sjá skýrslu um Akureyrarflugvöll). Við þessar æfingar var tankur útbúinn sem flugvél. Enn á eftir að finna stað fyrir tankinn svo starfsmenn geta æft sig reglulega hann. Gamall Dornier 228 er til sem nota á til æfinga en hann var ekki notaður á árinu.




Æfingartankurinn á flugvöllinum.

Viðvörunarbjalla frá turni er prófuð tvisvar í viku á mánudögum og föstudögum. Við óhapp ræsa flugumferðastjórar slökkviliðið út með bjöllunni og þá fara líka aksturshurðirnar upp í bílasal slökkvistöðvar.

6.1.4 Flugvallarfræðsla

Slökkvilið Akureyrar sinnir flugvallarfræðslu fyrir landsbyggðarflugvöllina. Einn til tveir leiðbeinendur fara tvær ferðir á ári, vor og haust, þar sem flugvallarverðir eru fræddir um viðbrögð við flugslysum og eldum í flugvélum. Alls eru þetta 13 flugvellir, ásamt Akureyrarflugvelli.



Samtals voru þetta 278 klst. í kennslu, 164,5 klst um vorið og 113,5 klst um haustið. Skipting þeirra á milli staða sést á myndinni hér fyrir ofan.

6.2 Hrísey

Slökkvilið Akureyrar er með starfsstöð í Hrísey. Öflug slökkvibifreið er í eygni ásamt 10 manna viðbragðsliði. Regluleg yfirferð og viðhald búnaðar er meginstarfsemi ársins en í mars var farið í reykjöfunaræfingar. Eldvarnarverkefnið Logi og Glóð var kynnt í leikskólanum og bifreið sýnd. Í nóvember var farið í vatnsöflunaræfingar og Clymax dælu á kerru komið fyrir í húsi.

Í desember var leitað aðstoðar liðsins með dælingu úr bát í höfninni sem hafði sokkið.

6.3 Grímsey.

Við Sameiningu Akureyrar og Grímseyjar tók slökkvilið Akureyrar yfirumsjón með brunavörnum í eygni. Slökkvistöðin í eygni hýsir gamlan Range Rover slökkvibíl sem kemur frá Bretlandi. Einnig er prýðis Clymax dæla (laus dæla) í kerru til vatnsöflunar úr sjó.

Slöngueign stútar og annar búnaður er í góðu lagi. Farið var yfir búnaðinn og það lagfært sem þurfti lagfæringar við. Bæta þarf við dálítið af búnaði og verður miðað við að koma því sem fyrst í lag.

Unnið er að æfingarplani fyrir liðið, en ljóst er að nýttar verða fræðsluferðir vegna flugvallarfræðslu til að æfa bæjarliðið einnig. Enda ljóst að báðar einingar vinna saman ef upp koma útköll í eygni.

Sjúkraflug er sá sjúkraflutningsmáti sem eyjan nýtur. Skoða þarf í framhaldi lausnir á fyrir viðbragðsaðila í eygni gagnvart sjúkraútköllum.



Slökkvibílar í Grímsey

Flugstöðir (dodge)

Slökkvilið Akureyrar (Range rover)



7 Lokaorð

Fækkun varð í heildarútköllum slökkviliðs Akureyrar á milli ára. Fækkunin varð í sjúkraflugi og sjúkraflutningum á landi, en verkefnum dælubíla fjölgaði á milli ára.

Aukning varð í forvarnarverkefnum á vegum liðsins og var unnið að því að viðhalda menntun liðsmanna. Tækifæri gáfust til áhugaverðra æfinga bæði í árásargámi á Húsavík og með SNAM sjúkrateymi frá Svíþjóð.

Þrátt fyrir að breytingar sé nýorðnar hjá liðinu í framkvæmd verkefna, þá má þakka fyrir það að viðhalda megi störfum allra liðsmanna á tímum sem þessum. Öllum breytingum fylgja ný tækifæri sem kalla á breytt og ferskt verklag. Það er ávallt hollt að rýna störf sýn, vega og meta á jákvæðan hátt og vera tilbúin til að tileinka sér nýjungar. Styrkur liðsheildar er að hafa jákvæða trú á getu heildarinnar og mæta verkefnum dagsins með lausnarmiðuðum aðgerðum.

Jákvæðni færir okkur getu til að taka mót nýjum degi bjartsýn og brosandí. Það er gott að hugsa til þess að jákvæðni smitar jafnt sem neikvæðni og það að tileinka sér jákvæðni skilar okkur betur í gegnum daginn.

Engin dagur er eins í störfum björgunarliðs eins og okkar og því vert að vera viðbúin hverju því sem vinnudagurinn ber í skauti sér. Gæfa hefur fylgt störfum liðsins á síðasta ári og mætum við því nýju ári með bjartsýni í brjósti og vegsemd að leiðarljósi.

Þorbjörn Haraldsson
Slökkviliðsstjóri